

**SJÁLFS
MYNDIR**
KJARVALSSTAÐIR
JAN.-FEB. 1988

Menningarmálanefnd Reykjavíkur:

*Hulda Valtýsdóttir, formaður
Elin Pálmaðóttir
Ingibjörg Rafnar
Kristín Ólafsdóttir
Ragnheiður B. Guðmundsdóttir*

Fultrúar listamanna í Menningarmálanefnd Reykjavíkur:

*Guðrún Gunnarsdóttir
Selma Guðmundsdóttir*

Forstöðumaður Kjarvalsstaða:

Alfreð Guðmundsson

Listráðunautur Kjarvalsstaða:

Gunnar B. Kvaran

Hönnun sýningar:

*Gunnar B. Kvaran
Steinþór Sigurðsson*

Aðstoðarmaður:

Ívar Valgarðsson

Ljósmyndun:

Kristján Pétur Guðnason

Yfirlestur handrits og prófarkalestur:

Aðalsteinn Daviðsson

Setning:

Gutenberg

Prentun:

Grafik hf.

SJÁLFSMYNDIR

Flestallir listamenn hafa einhvern tímum litið í spegil og fest eigin ásjónu á mynd. Margir hafa þó gert það sem æfingu eða með þeim ásetningi einum að ná andlitssvipnum. Aðrir, og þeir eru mun færri, hafa unnið markvisst og gert raunverulegar sjálfsmyn dir með reglulegu millibili sem eru afgerandi hluti af sköpun og frumleika viðkomandi listamanna.

Frá fyrri skeiðum listasögunnar er fátt um raunverulegar sjálfsmyn dir. Pekktasta dæmið frá fornklassískum tíma er sjálfsmynnd af grísku myndhögvaranum Fidias sem Plútarkos segir að sé að finna á skildi Ápenu Promakos (Forvigis-Ápenu) í verkinu Skjaldmeyjar (amasónur) í bardaga. Þó að finna megi einstaka sjálfsmyn dir í handritalýsingum og gullsmiði frá miðöldum þá voru sjálfsmyn dir sjaldgæft myndefni allt fram til loka miðaldar, en þá hófst mikil gróska í því. Ástæðan fyrir þessari vakningu er fyrst og fremst talin sú að á þessum tíma komu fram ný efni – óliulitirnir – og tækni, sem gerði listamönnum auðveldara fyrir að mála andlitsmyn dir af fullkominni nákvæmni. Þá er einnig nefnd sú staðreynd að einmitt á þessum tíma koma höfundarnir fram í dagsljósið og byrja að árita (signera) myndverk sín, en fram að þessum tíma höfðu flestir höfundar listaverka verið ónefndir. En það sem skiptir kannski mestu máli fyrir þessa vakningu sjálfmyndarinnar er að einmitt í lok 15. aldar nær spegillinn – sérstaklega speglar frá Feneyjum – í fyrsta sinn talsverðri útbreiðslu í Evrópu. En því má ekki gleyma að spegill er vafalítid nauðsynlegasta „tækið“ við gerð sjálfsmynnda. Allt frá þessum tíma hefur mikið verið um sjálfsmyn dir listamanna sem birtast á margvislegan hátt í listasögunni. En kunnastar eru þó einar þrjár myndgerðir sjálfsmynnda. Sjálfmynd þar sem listamaðurinn er einn myndefnið og er hann þá ýmist sýndur úr fjarlægð, við vinnu sína eða augliti til auglitis við sjálfan sig, sjálfsmynnd þar sem listamaðurinn ljær pekktri persónu eða persónugervingi andlit sitt og sjálfsmynnd af listamanninum í hópmund og er hann þá oft falinn.


Það er ekki nokkrum vafa undirorpíð að sjálfsmyn din fékk endurnýjað gildi í byrjun 20. aldar þegar listamenn kynntust kenningum Freuds um undirmeðvitundina, – hinn falda innri mann. Spurningin var ekki lengur eingöngu að líkjast fyrirmyndinni eða sviðsetja hana í gefnu umhverfi heldur að túlka og myndgera þær kenndir sem bærðust innra með listamanninum. Hann málaði nú ekki aðeins það sem hann sá eða virtist sjá, heldur málaði hann á dýptina jafnframt sem áhorfendum var boðið upp á raunverulegan myndlestur.

Þessi áhugi á sjálfsmyndinni hélst fram til þess tíma er abstraktmálverkið og formalisminn varð ríkjandi um miðbik aldarinnar en sú myndgerð gat auðvitað ekki þjónað hinni hefðbundnu sjálfsmyndagerð. Þó eru til þeir lista- og fræðimenn sem álíta „tilvistarverknað“ Jackson Pollock vera dæmi um hina fullkomnu og algeru sjálfsmynnd!

Á síðastiðnum tveimur áratugum með endurkomu manneskjunnar inn í málverkið hefur aftur farið að bera á sjálfsmyndum listamanna og þá sérstaklega í conceptlistinni og performance þar sem listamaðurinn er oft í senn formræn stoð og megin myndefnið. Eru þessar sjálfsmyn dir gjarnan settar fram í ljósmyndum.

Í okkar stuttu listasögu hafa flestir listamenn dregið á blað eða málað eigið andlit, en þó af mismunandi mikilli alvöru. Margir hafa aðeins leitast við að ná andlitsvipnum og eru það oftast teikniæfingar sem listamenn hafa gert á sínum yngri árum. Aðrir hafa hins vegar notað eigin ásjónu sem raunverulegt myndefni í málverk sem eru fullkominn hluti af persónulegum stíl eða formskrift viðkomandi listamanna. Hvað varðar myndgerðina þá eru íslenskir listamenn einkar





íhaldssamir og mála sig oftast eina á léreftið, augliti til auglitis við sjálfa sig. Sigurður Guðmundsson lítur blæbrigðalaust á sjálfan sig/áhorfendur. Þórarinn B. Þorláksson er í rómantískum stellingum með hönd undir kinn og virðist djúpt sokkinn í hugsanir sínar. Jón Stefánsson gerði af sér fjölda sjálfsmynnda og er hann einn af fáum íslenskum listamönnum sem málar sig með pensil og pallett í hönd. Staða Jón í rýminu – $\frac{2}{3}$ – er svipuð í flestum þessum sjálfsmynnum og er greinilegt að hann hefur málað sig beint eftir spegilmyndinni, en munað að setja pallettið í rétta hönd! Júlíana Sveinsdóttir málar sig oft á á ólikum aldursskeiðum og má i raun lesa í gegnum sjálfsmynndirnar þær breytingar sem urðu í list hennar á löngum ferli. Ásgrímur Jónsson þengir að andlitinu og beitir expressionískri litameðferð til að lýsa eigin andliti. Þeir Jón Þorleifsson, Snorri Arinbjarnar og Þorvaldur Skúlason ganga enn lengra í þessa átt og segja má að andlitið á Jóni – afgerandi litir og einföld teikning – sé aðeins orðin stoð eða átylla til að mála málverk. Jón Engilberts málaði af sér margar myndir og oft með miklum humor. Á 7. áratugnum notar hann myndmál formleysismálverksins og dregur upp ásjónu sína með nokkrum hnitríðum pensilstrokum um leið og hann gerir létt grín að sjálfum sér, en slik dirfska er reyndar sjaldséð í sjálfsmynnum íslenskra myndlistarmanna. Sverrir Haraldsson er einn af fáum sem bregður út af hefðbundu sjónarhorni spegilsins og „skoðar“ sjálfan sig ofan frá. Var þetta sjaldséður frumleiki á þessum tíma. En frumleikinn átti eftir að magnast í sjálfsmynnum íslenskra listamanna og þá sérstaklega á síðastliðnum áratug. Hreinn Friðfinnsson, sem vinnur með ljósmyndir, sýnir sjálfan sig sem lítinn dreng í einni og síðan sem fullorðinn mann í hinni. Er þetta einkar ljóðræn hugleiðing um tímann. Einar Hákonarson bítur á jaxlinn, starir í spegilinn og málar sig hispurslaust og agressíft á léreftið. En Helgi Porgils Friðjónsson setur sjálfan sig á svíð í Adamsklæðum með fjallasýn að baki. Maðurinn á myndinni ber svipmót höfundar, en það gera raunar flestar persónurnar í verkum listamannsins! Jóhanna Kristín Yngvadóttir segist í raun aldrei mála annað en sjálfa sig. Myndir hennar eru dimmar, óræðar og hlaðnar dramatískri spennu. Sjálfsmynnin hér er einkar athyglisverð fyrir þá sök að hún sýnir tvær myndir í sama málverki: listamanninn og „hinn“.

Það virðist nokkuð ljóst að sjálfsmyndir hafa orðið algengari á síðastliðnum árum. En það sem er kannski athyglisverðast er að ungrir listamenn eru ekki að setja sig í neinar sérstakar stellingar heldur virðist sjálfsmynnidin eðlilegur hluti af myndmáli þeirra og sköpunarverki. Það er ekkert verið að slá af frumleikanum og dirfskunni. Ekkert er gert til að taka fram fyrir hendurnar á málverkinu! Og þar erum við ef til vill komin að kjarna málsins. Hvað er sjálfsmund og /eða er hægt að tala um sjálfsmund yfirleitt? Hefðbundnar skilgreiningar segja að sjálfsmund sé verk sem hafi augljósa vísun til höfundar. En í raun þá er þetta ekki svona einfalt því þegar öllu er á botninn hvölf málar listamaðurinn sig eins og hann heldur að hann líti út og í mörgum tilfellum getum við sagt að listamaðurinn máli umframta allt umræðuna um sjálfan sig. Listamaðurinn er aldrei allur á léreftinu. Og þegar hann endurbyggir sjálfan sig á myndfletinum þá veit hann ekki nema hálfan sannleikann. En það sem skiptir kannski meira máli er hvernig listamaðurinn yfirfærir ásjónu sína á léreftið. Því að listamaðurinn þarf að nota ákvæðið myndmál og þar sjáum við að stillinn eða skriftin gripur ávallt inn í og málverkið byrjar að mála sig sjálf, því að þegar best lætur mála listamenn sjálfsmynnidir í sama stíl eða með sömu skrift og málverk með öðru myndefni. Listamenn geta því í raun aldrei malað af sér „sannar sjálfsmyndir“, heldur eru þær ávallt hugarsmið sem þeir yfirfæra á tvívíðan flötinn. Raunveruleikinn sleppur ávallt úr greipum þess sem málar, því á milli höfundar og myndar er túlkunin og undirmeðvitundin með sínar sjálfstæðu meininger. Þó svo að gerandinn og myndefni sé hið eitt og hið sama þá er likt og endra nær enginn sannleikur til í listum.

Á þessari sýningu, sem ber yfirskriftina sjálfsmynnidir, er ekki leitast við að gera sögulegt yfirlit eða fræðilega úttekt á sjálfsmynnum íslenskra listamanna, heldur er stiklað í gegnum íslenska listasögu og reynt eftir mætti að velja margbreytileg og góð verk listunnendum til skemmtunar og yndisauka.

MYNDASKRÁ

- | | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. Arngrímur Gíslason, 1829–1887.
Sjálfsmýnd, ca. 1870.
Blyantur og svartkrit, 32,2 x 24,5.
Þjóðminjasafnið. | 11. Jóhannes S. Kjarval, 1885–1972.
Sjálfsmýnd, 1918.
Olía á striga, 29 x 25 cm.
Steinunn Guðmundsdóttir. | 23. Brynjólfur Þórðarson, 1896–1938.
Sjálfsmýnd, 1928–29.
Rauðkrit á pappír, 27 x 20 cm.
Sigbjörn Þórðarson. |
| 2. Sigurður Guðmundsson, 1833–1874.
Sjálfsmýnd, um 1850.
Olía á striga, 64,2 x 53,2 cm.
Þjóðminjasafnið. | 12. Jóhannes S. Kjarval, 1885–1972.
Sjálfsmýnd, 1920.
Rauðkrit á pappír, 33 x 28 cm.
Kjarvalssafn. | 24. Ásgeir Bjarnþórsson, 1899–1987.
Sjálfsmýnd, 1922.
Litkrit, 27 x 27 cm.
Listasafn Íslands. |
| 3. Þórarinn B. Þorláksson, 1867–1924.
Sjálfsmýnd, 1924.
Olía á striga, 23 x 18 cm.
Listasafn Íslands. | 13. Jóhannes S. Kjarval, 1885–1972.
Sjálfsmýnd, 1920.
Olía á striga, 41 x 36 cm.
Kjarvalssafn. | 25. Sveinn Þórarinsson, 1899–1977.
Sjálfsmýnd, um 1965.
Olía á striga, 80 x 75 cm.
Karen Agneta Þórarinsson. |
| 4. Þórarinn B. Þorláksson, 1867–1924.
Sjálfsmýnd.
Olía á striga, 37,5 x 68 cm.
Svanhildur Gestsdóttir. | 14. Júlíana Sveinsdóttir, 1889–1966.
Sjálfsmýnd, 1920.
Olía á striga, 48 x 38 cm.
Listasafn A.S.I. | 26. Snorri Arinbjarnar, 1901–1958.
Sjálfsmýnd.
Olía á striga, 42,5 x 42,5 cm.
Hörður Arinbjarnar. |
| 5. Þórarinn B. Þorláksson, 1867–1924.
Sjálfsmýnd.
Olía á striga, 21 x 18,5 cm.
Eva Gestsdóttir. | 15. Júlíana Sveinsdóttir, 1889–1966.
Sjálfsmýnd, 1932.
Olía á striga, 76 x 62,5 cm.
Listasafn Íslands. | 27. Gunnlaugur Scheving, 1904–1972.
Sjálfsmýnd.
Olía á striga, 51 x 42 cm.
Listasafn A.S.I. |
| 6. Ásgrímur Jónsson, 1876–1958.
Sjálfsmýnd.
Olía á striga, 55 x 45 cm.
Listasafn Íslands.
Úr safni Ásgríms Jónssonar. | 16. Jón Jónsson, 1890–1982.
Sjálfsmýnd, 1916.
Olía á striga, 22 x 23 cm.
Alfreð Guðmundsson. | 28. Þorvaldur Skúlason, 1906–1984.
Sjálfsmýnd, 1930.
Olía á striga, 34,5 x 24,5 cm.
Listasafn Reykjavíkurborgar. |
| 7. Ásgrímur Jónsson, 1876–1958.
Sjálfsmýnd, um 1947.
Vatnslitir á pappír, 33 x 26 cm.
Listasafn Íslands
úr safni Ásgríms Jónssonar. | 17. Guðmundur Thorsteinsson, Muggur,
1891–1924.
Sjálfsmýnd.
Blyantsteikning, 30 x 22,5 cm.
Listasafn Íslands. | 29. Þorvaldur Skúlason, 1906–1984.
Sjálfsmýnd, 1933.
Olía á striga, 38 x 32,5 cm.
Listasafn Háskólags. |
| 8. Ásgrímur Jónsson, 1876–1958.
Sjálfsmýnd, 1904.
Olía á pappa, 15 x 10 cm.
Listasafn Íslands
úr safni Ásgríms Jónssonar. | 18. Jón Þorleifsson, 1891–1961.
Sjálfsmýnd, 1938.
Olía á striga, 82 x 31 cm.
Jarl Jónsson. | 30. Jóhann Briem, 1907.
Sjálfsmýnd, 1934.
Olía á striga, 38 x 31 cm.
Elin Briem. |
| 9. Jón Stefánsson, 1881–1962.
Sjálfsmýnd, 1942.
Olía á striga, 111 x 95 cm.
Listasafn Íslands. | 19. Finnur Jónsson, 1892.
Sjálfsmýnd, 1915.
Vatnslitir, 44 x 31,5 cm.
Listasafn Íslands. | 31. Jóhann Briem, 1907.
Sjálfsmýnd, 1932.
Olía á striga, 60 x 46 cm.
Katrin Briem. |
| 10. Jón Stefánsson, 1881–1962.
Sjálfsmýnd.
Olía á striga, 63 x 52,5 cm.
Listasafn A.S.I. | 20. Gunnlaugur Blöndal, 1893–1962.
Sjálfsmýnd, 1962.
Olía á striga, 54 x 44,5 cm.
Elisabet Blöndal. | 32. Jón Engilberts, 1908–1972.
Sjálfsmýnd, 1965.
Olía á striga, 100 x 70 cm.
Tove Engilberts. |
| | 21. Brynjólfur Þórðarson, 1896–1938.
Sjálfsmýnd.
Olía á masonit, 44 x 31 cm.
Listasafn Reykjavíkurborgar. | 33. Jón Engilberts, 1908–1972.
Sjálfsmýnd, 1932.
Olía á striga, 53 x 44 cm.
Tove Engilberts. |
| | 22. Brynjólfur Þórðarson, 1896–1938.
Sjálfsmýnd,
Blek á pappír, 30,5 x 23,5 cm.
Sigbjörn Þórðarson. | 34. Águst Petersen, 1909.
Sjálfsmýnd, 1954.
Olía á masonit, 53 x 42 cm.
Listamaðurinn. |

35. Nína Tryggvadóttir, 1913–1968.
Sjálfsmynd.
Olia á striga, 45 x 38 cm.
Listasafn A.S.Í.
36. Gunnar Gunnarsson, 1914–1977.
Sjálfsmynd, 1940.
Olia á striga, 78 x 68 cm.
Listasafn Íslands.
37. Sigurður Sigurðsson, 1916.
Sjálfsmynd, 1944.
Olia á striga, 92 x 70,5 cm.
Listasafn Íslands.
38. Sigurður Sigurðsson, 1916.
Sjálfsmynd, 1944.
Olia á striga, 92 x 70,5 cm.
Listasafn A.S.Í.
39. Louisa Matthíasdóttir, 1917.
Sjálfsmynd, 1982.
Olia á striga
40. Kristján Daviðsson, 1917.
Sjálfsmynd, 1974.
Blek á pappír, 25,5 x 23,5 cm.
Listamaðurinn.
41. Örygur Sigurðsson, 1920.
Sjálfsmynd, 1976.
Vatnslitir, 42 x 29,5 cm.
Listamaðurinn.
42. Ásgerður Búadóttir, 1920.
Sjálfsmynd, 1949.
Steinþrykk, 45 x 35 cm.
Listamaðurinn.
43. Jóhannes Jóhannesson, 1921.
Sjálfsmynd, 1943.
Olia á striga, 55 x 46 cm.
Listamaðurinn.
44. Eiríkur Smith, 1925.
Sjálfsmynd.
Vatnslitir, 53 x 70 cm.
Hörður Sveinsson.
45. Sveinn Björnsson, 1925.
Sjálfsmynd, 1987.
Olia á striga, 115 x 105 cm.
Listamaðurinn.
46. Sverrir Haraldsson, 1930–1985.
Sjálfsmynd, 1977.
Blönduð tækni á pappír, 59,5 x 72 cm.
Haraldur Sverrisson
47. Bragi Ásgeirsson, 1931.
Sjálfsmynd, 1951.
Olia á striga, 62 x 45 cm.
Listasafn Reykjavíkurborgar.
48. Hringur Jóhannesson, 1932.
Sjálfsmynd, 1973.
Olia á striga, 80 x 120 cm.
Listamaðurinn.
49. Alfreð Flóki, 1938–1987.
Sjálfsmynd, 1959.
Blýantur á pappír, 34 x 29,5 cm.
Guðrún Nielsen.
50. Gylfi Gíslason, 1940.
Sjálfsmynd, 1970.
Blek á pappír, 23 x 21 cm.
Listamaðurinn.
51. Hreinn Friðfinnsson, 1943.
Sjálfsmynd, 1971.
Ljósmynd, 2 x 35 x 32 cm.
Hilf Svavarsdóttir.
52. Einar Hákonarson, 1945.
Sjálfsmynd, 1983.
Olia á striga, 100 x 70 cm.
Listasafn Íslands.
53. Gunnar Örn, 1946.
Sjálfsmynd, 1979.
Olia á striga, 200 x 210 cm.
54. Rúri, 1951.
Sjálfsmynd, 1976.
Blönduð tækni.
Listamaðurinn.
55. Ólafur Lárusson, 1951.
Sjálfsmynd, 1983.
Blönduð tækni, 56 x 56,5 cm.
Listamaðurinn.
56. Þór Elís, 1952.
Sjálfsmynd, 1988.
Myndband.
Listamaðurinn.
57. Vignir Jóhannesson, 1952.
Sjálfsmynd, 1987–1988.
Olia á striga, 100 x 90 cm.
Listamaðurinn.
58. Helgi Þorgils Friðjónsson, 1953.
Sjálfsmynd.
Olia á striga, 182,5 x 125,5 cm.
59. Jóhanna Kristin Yngvadóttir, 1953
Sjálfsmynd, 1987.
Olia á striga, 170 x 140 cm.
Listamaðurinn.
60. Árni Ingólfsson, 1953.
Sjálfsmynd, 1980.
Blönduð tækni, 100 x 100 cm (tvær myndir).
Listamaðurinn.
61. Daði Guðbjörnsson, 1954.
Sjálfsmynd, 1985.
Olia á striga, 97 x 79 cm.
Listamaðurinn.
62. Steingrímur Eyfjörð, 1954.
Sjálfsmynd, 1978–88.
Cybchrome, 24 x 34 cm.
Listamaðurinn.
63. Jón Óskar, 1954.
Sjálfsmynd, 1988.
Blönduð tækni, 170 x 132 cm.
Listamaðurinn.
64. Harpa Björnsdóttir, 1955.
Sjálfsmynd, 1987.
Blönduð tækni, 96,5 x 68 cm.
Listamaðurinn.
65. Erla Pórarinsdóttir, 1955.
Sjálfsmynd, 1986.
Olia á tré, 213 x 93,5 cm.
Listamaðurinn.
66. Hulda Hákon, 1956.
Sjálfsmynd, 1987.
Blönduð tækni, 120 x 127 cm.
Listamaðurinn.
67. Guðrún Tryggvadóttir, 1958.
Sjálfsmynd, 1987.
Olia á striga, 110 x 51 cm.
Listamaðurinn.
68. Svanborg Matthíasdóttir, 1958.
Sjálfsmynd, 1986.
Olia á striga, 90 x 70 cm.
Listamaðurinn.
69. Hallgrímur Helgason, 1959.
Sjálfsmynd, 1987–1988.
Olia á striga, 40,5 x 30,5 cm.
Listamaðurinn.
70. Einar Garibaldi Eirksson, 1964.
Sjálfsmynd, 1987.
Akril á striga, 116,5 x 175 cm.
Listamaðurinn.

